# Byggðastofnun

## Árshlutareikningur janúar - júní 2014

Ártorg 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

# Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda............................ 1

Áritun og skýrsla stjórnar og stjórnenda............................ 2

Rekstrarreikningur............................................................ 4

Efnahagsreikningur.......................................................... 5

Sjóðstreymi........................................................................ 7

Skýringar........................................................................... 8

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar Byggðastofnunar

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 30. júní 2014. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn stofnunarinnar og forstjóri eru fyrst og fremst ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnun okkar.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda einingarinnar á árshlutareikningi hennar. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit okkar á reikningsskilunum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu 1. janúar 2014 til 30. júní 2014, efnahag hennar þann 30. júní 2014 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur.

Sauðárkrókur, 22. ágúst 2014

**Endurskoðendaþjónustan ehf.**

Sævar Þór Sigurgeirsson
löggiltur endurskoðandi

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

# Áritun og skýrsla stjórnar og stjórnenda

## Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulagslögum.

## Rekstur tímabilið janúar til júní 2014

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 75,3 milljónum króna á tímabilinu. Eigið fé í lok júní 2014 samkvæmt efnahagsreikningi var 2.377,7 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 16,36%. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki segja til um að eigið fé skuli að lágmarki vera 8% af áhættugrunni og uppfyllti stofnunin því ákvæði laga þar um í lok júní 2014.

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lögmæti þess að skuldbreyta verðtryggðum lánum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum með útgáfu viðauka. Dómur féll þar 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lögmæti svo skuldbreyttra lána Byggðastofnunar og hefur dómnum verið áfrýjað. Ekki hafa verið færð sérstök varúðarframlög vegna þessara mála. Nánari er getið um þessi mál í skýringu nr. 19 með árshlutauppgjörinu.

## Áhættustýring

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru rekstraráhætta, útlánaáhætta, greiðsluáhætta, viðskiptaáhætta, vaxtaáhætta og samþjöppunaráhætta. Gengisáhætta og uppgreiðslu- og endurfjármögnunaráhætta telst einnig til fjárhagslegrar áhættu stofnunarinnar. Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa allir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar. Á árinu 2013 var öryggisstefna sem byggir á staðli ISO/IEC 27001 um stjórnkerfi upplýsingaöryggis staðfest af stjórn Byggðastofnunar.

## Stjórnunarhættir

Núverandi stjórn Byggðastofnunar var skipuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra á ársfundi stofnunarinnar 28. apríl 2014. Situr stjórnin fram að næsta ársfundi stofnunarinnar, sem halda skal fyrir 1. júlí 2015. Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn sem er hluti af ,,Handbók fyrir starfsmenn og stjórn". Handbókin var fyrst samþykkt árið 2002 og má nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn skilgreint hlutverk regluvarðar. Á árinu 2014 voru settar reglur um almennt hæfi lykilstarfsmanna auk þess sem eigendastefna um eignarhluti Byggðastofnunar í hlutafélögum var samþykkt. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsumsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

# Áritun og skýrsla stjórnar og stjórnenda, frh.

**Yfirlýsing stjórnar og stjórnenda**
Árshlutauppgjörið er gert í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Það er gert eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir janúar til júní 2014 með undirritun sinni.

Sauðárkróki 22. ágúst 2014

Forstjóri

Forstöðumaður rekstrarsviðs

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2014

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr. | 2014 janúar - júní | 2013 janúar - júní |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 56.795 | 75.272 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum | | 358.190 | 452.006 |
| | | 414.984 | 527.278 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum | | 242.145 | 305.589 |
| Önnur vaxtagjöld | | 99 | 386 |
| | | 242.244 | 305.975 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 172.741 | 221.303 |
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum | 6 | 185.550 | 182.742 |
| Annað framlag ríkissjóðs | 6 | 89.869 | 118.565 |
| Gengismunur | | 4.786 | (24.351) |
| Aðrar rekstrartekjur | | 21.869 | 18.460 |
| | | 302.075 | 295.416 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 474.815 | 516.719 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Veitt framlög til atvinnuráðgjafa | | 86.100 | 86.100 |
| Veittir styrkir v. jöfnunar flutningskostnaðar | | 38.154 | 114.506 |
| Veittir styrkir v. AVS | | 50.215 | 0 |
| Veittir aðrir styrkir | | 5.450 | 2.500 |
| Laun og launatengd gjöld | 3,4 | 124.835 | 106.726 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 80.110 | 70.179 |
| Rekstur fullnustueigna | 10 | 24.487 | 28.080 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 14 | 3.537 | 4.047 |
| Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa | 2,12 | (13.380) | (79.661) |
| | | 399.508 | 332.476 |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 75.307 | 184.243 |

# Efnahagsreikningur

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir** | | | |
| Bankainnstæður | 7 | 2.393.656 | 2.421.208 |
| **Útlán** | | | |
| Útlán i íslenskum krónum | 8,15 | 4.893.684 | 4.545.520 |
| Útlán í erlendum myntum | 8,15 | 5.042.519 | 6.038.652 |
| Fullnustueignir | 9,11 | 1.150.796 | 986.320 |
| | | 11.086.999 | 11.570.492 |
| **Eignahlutir í félögum** | | | |
| Hlutabréf | 13 | 910.838 | 809.599 |
| | | 910.838 | 809.599 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Skuldunautar | | 57.103 | 14.190 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 14 | 57.676 | 56.818 |
| | | 114.779 | 71.009 |
| **Eignir samtals** | | 14.506.272 | 14.872.307 |

# 30. júní 2014

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr. | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir og eigið fé** | | | |
| **Lántökur** | | | |
| Verðtryggðar verðbréfaútgáfur................................................ | | 5.738.671 | 5.591.645 |
| Erlendar lántökur.................................................................... | | 6.223.519 | 6.866.776 |
| | 16 | 11.962.190 | 12.458.421 |
| **Aðrar skuldir** | | | |
| Afskriftarreikningur vegna veittra ábyrgða............................... | 18 | 1.072 | 1.187 |
| Óráðstöfuð framlög................................................................. | | 113.502 | 51.696 |
| Lánadrottnar.......................................................................... | | 51.763 | 58.565 |
| | | 166.336 | 111.448 |
| **Skuldir samtals** | | 12.128.526 | 12.569.868 |
| **Eigið fé........................................................................** | 2,17 | 2.377.746 | 2.302.439 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 14.506.272 | 14.872.307 |
| **Utan efnahagsreiknings** | | | |
| Veittar ábyrgðir........................................................................ | 18 | 20.360 | 22.552 |

# Sjóðstreymi janúar - júní 2014

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | 2014 janúar - júní | 2013 janúar - júní |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | |
| Hagnaður tímabilsins | 75.307 | 184.243 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | |
| Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa | (65.638) | 92.333 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3.537 | 4.047 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | (420) | 0 |
| Söluhagnaður fullnustueigna | 0 | (6.118) |
| Vextir, verðbætur og gengismunur | 211.929 | 101.520 |
| Skuldunautar | 0 | 10.576 |
| Lánadrottnar | 0 | 8.169 |
| Ógreiddir styrkir | 0 | (102) |
| Handbært fé frá rekstri | 224.716 | 394.668 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Afborganir útlána | 760.032 | 405.196 |
| Veitt lán | (439.800) | (189.000) |
| Innleystar eignir | 26.468 | 47.508 |
| Kaupverð, viðbót innleystar eignir | 0 | (36.229) |
| Hlutabréf | (41.824) | (18.203) |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (3.975) | (6.542) |
| Skuldunautar | (42.912) | (2.659) |
| Fjárfestingarhreyfingar | 257.989 | 200.071 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir af lántökum | (565.260) | (602.606) |
| Nýjar lántökur | 0 | 0 |
| Framlag ríkissjóðs | 0 | 250.000 |
| Lánadrottnar | 55.004 | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | (510.256) | (352.605) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | (27.551) | 242.134 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 2.421.208 | 2.213.327 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 2.393.656 | 2.455.461 |

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutauppgjörsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutauppgjörinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2014. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Gengi í lok tímabils

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| EUR ........................................ | 154,50 | 158,94 |
| USD ........................................ | 113,13 | 115,30 |
| JPY ........................................ | 1,12 | 1,10 |
| DKK ........................................ | 20,72 | 21,31 |

Vísitölur í lok tímabils:

| | 01.07.2014 | 01.01.2014 |
|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs til verðtryggingar ........................................ | 421,3 | 416,7 |

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

## Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

## Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarvirði að frádreginni virðisrýrnun. Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt hlutdeildaraðferð. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

## Útlán

Útlán stofnunarinnar eru flokkuð í útlán til viðskiptavina og fullnustueignir. Þau eru upphaflega metin á gangvirði eða kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi, sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur". Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

## Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnistæður.

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2014 janúar - júní | 2013 janúar - júní |
|---|---|---|
| Laun | 97.072 | 86.379 |
| Áfallið orlof | 5.786 | 0 |
| Lífeyrissjóðsframlög | 11.897 | 10.529 |
| Önnur launatengd gjöld | 10.081 | 9.818 |
| Laun og launatengd gjöld alls | 124.835 | 106.726 |

Að meðaltali störfuðu 23 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf, sem er fjölgun um einn starfsmann frá sama tímabili 2013. Í lok tímabilsins voru 23 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 22,8.

## 4. Þóknanir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

| | 2014 janúar - júní | 2013 janúar - júní |
|---|---|---|
| Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður | 1.010 | 1.148 |
| Ásthildur Sturludóttir | 168 | 0 |
| Bergsteinn Einarsson (varamaður) | 0 | 40 |
| Einar E. Einarsson, varaformaður | 168 | 0 |
| Guðmundur R. Gíslason | 331 | 491 |
| Gunnar Svavarsson | 0 | 102 |
| Karl Björnsson | 168 | 0 |
| Matthildur Helgadóttir Jónudóttir | 331 | 491 |
| Oddný María Gunnarsdóttir | 168 | 0 |
| Ólafía Jakobsdóttir | 331 | 233 |
| Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir | 486 | 491 |
| Rögnvaldur Ólafsson | 331 | 491 |
| Sigríður Jóhannesdóttir | 168 | 0 |
| Valdimar Hafsteinsson | 499 | 491 |
| Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri | 7.139 | 7.015 |
| Þóknanir til stjórnar og forstjóra samtals | 11.299 | 10.993 |

## 5. Þóknanir endurskoðenda

| Þóknanir endurskoðenda greinast þannig: | 2014 janúar - júní | 2013 janúar - júní |
|---|---|---|
| Endurskoðun | 2.647 | 5.510 |
| Önnur sérfræðiþjónusta/innri endurskoðun | 3.337 | 1.346 |
| Þóknanir endurskoðenda samtals | 5.984 | 6.856 |

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

| | 2014 janúar - júní | 2013 janúar - júní |
|---|---|---|
| Almennur rekstur | 75.050 | 73.942 |
| Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni | 85.500 | 83.800 |
| Vegna verkefnisins Brothættar byggðir | 25.000 | 25.000 |
| Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum | 185.550 | 182.742 |

| | janúar - júní | janúar - júní |
|---|---|---|
| Framlag ríkissjóðs v/rannsóknarmiðstöðvar á Raufarhöfn | 1.500 | 0 |
| Framlag ríkissjóðs v/jöfnunar flutningskostnaðar | 38.154 | 118.565 |
| Framlag ríkissjóðs v/AVS | 50.215 | 0 |
| Annað framlag ríkissjóðs samtals | 89.869 | 118.565 |

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins ,,Brothættar byggðir" nam 13.707 þúsund krónum á tímabilinu og er færður í rekstrarreikning.

## 7. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 2.249.231 | 2.286.771 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 144.425 | 134.437 |
| Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals | 2.393.656 | 2.421.208 |

## 8. Útlán til viðskiptavina

| Sundurliðað eftir lántakendum: | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög | 0,18% | 0,19% |
| Einstaklingar | 9,03% | 8,76% |
| Sundurliðað eftir atvinnugreinum: | | |
| Þjónustustarfsemi | 46,30% | 47,96% |
| Sjávarútvegur | 26,17% | 25,05% |
| Iðnaður | 14,73% | 15,24% |
| Landbúnaður | 3,46% | 2,69% |
| Fjármálastofnanir | 0,12% | 0,12% |
| | 100% | 100% |

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 471.570 | 553.754 |
| Allt að 3 mánuðum | 409.603 | 187.467 |
| Yfir 3 mán. og allt að 1 ári | 667.515 | 833.474 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 2.774.572 | 3.069.043 |
| Yfir 5 ár | 5.612.944 | 5.940.433 |
| | 9.978.023 | 10.625.811 |

## 9. Fullnustueignir

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Fasteignir | 1.150.786 | 986.320 |
| Annað | 10 | 0 |
| | 1.150.796 | 986.320 |

## 10. Rekstur fullnustueigna

| | 2014 janúar - júní | 2013 janúar - júní |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 31.658 | 30.577 |
| Rekstrarkostnaður | 56.145 | 58.657 |
| | (24.487) | (28.080) |

## 11. Fullnustueignir

| | F. mat | Stærð $m^2$ |
|---|---|---|
| Austurvegur 3, Seyðisfirði | 16.070 | 379,9 |
| Eyrarland 1, Hvammstanga | 5.636 | 159,2 |
| Eyrarland 1, Hvammstanga | 5.014 | 150,9 |
| Gistiheimilið Iðufell, Laugarási | 69.150 | 2.003,1 |
| Grænigarður, Ísafirði | 53.960 | 1.366,7 |
| Hafnarbraut 7, 11 & 15, Dalvík | 60.940 | 1.478,5 |
| Héðinsbraut 4, Húsavík | 44.210 | 246,8 |
| Hlíðarvegur 15, Ísafirði | 8.760 | 94,1 |
| Langanesvegur 1, Þórshöfn | 16.560 | 471,9 |
| Nesbraut 7, Reyðarfirði | 38.600 | 722,4 |
| Pálsbergsgata 3 & 5, Ólafsfirði | 30.840 | 1.851,4 |
| Sandhorn, Hrísey | 18.510 | 832,7 |
| Seljavogur 10, Höfnum | 22.860 | 231,8 |
| Sindragata 27, Ísafirði | 23.653 | 659,6 |
| Skúlagata 17, Borgarnesi | 47.930 | 650,6 |
| Snartarstaðir lóð 154334, Norðurþingi | 426 | 14,7 |
| Snartarstaðir lóð 178032, Norðurþingi | 336 | 6,4 |
| Sólvellir 23, Breiðdalsvík | 66.119 | 2.081,6 |
| Steig, Mýrdalshreppi | 50.138 | 1.641,2 |
| Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisfirði | 9.650 | 601,0 |

| | | |
|---|---|---|
| Strandgata 37, Tálknafirði | 9.910 | 456,1 |
| Sveinbjarnargerði IIC & IID, Svalbarðsstrandarhreppi | 46.604 | 1.354,0 |
| Valgerðarstaðir 4, Fljótsdalshéraði | 97.250 | 5.148,3 |
| Vallarás 7-9, Borgarnesi | 192.685 | 1.919,1 |
| Vallargerði 15, Reyðarfirði | 24.700 | 212,8 |
| Vatneyri, vélsmiðja, Patreksfirði | 8.975 | 736,1 |
| | 969.485 | 25.470,8 |

Fullnustueignir eru bókfærðar í árshlutauppgjöri á 1.150.796 þúsund krónur.

## 12. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Afskriftarreikningur í ársbyrjun | 1.521.737 | 2.317.220 |
| Framlag í afskriftarreikning á árinu | 24.604 | 72.679 |
| Innheimt peningamarkaðsinnlán | 0 | (238.086) |
| Endanlega töpuð útlán | (251.639) | (630.077) |
| Staða afskriftarreiknings í lok tímabils | 1.294.702 | 1.521.737 |
| | | |
| Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum | 11,49% | 12,57% |

| | janúar - júní | janúar - júní |
|---|---|---|
| Framlag á tímabilinu vegna útlána | 24.604 | (8.479) |
| Innheimt peningamarkaðsinnlán | 0 | (238.086) |
| Framlag vegna ábyrgða | (115) | 152.343 |
| Framlag vegna viðskiptakrafna | 3.000 | 3.000 |
| Breytingar á mati hlutabréfaeignar | (39.378) | 23.039 |
| Innkomin áður afskrifuð lán | (1.491) | (11.478) |
| Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi | (13.380) | (79.661) |

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 13. Hlutafjáreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

| **Fasteignarekstur** | **Eignarhluti** | **Nafnverð** |
|---|---|---|
| Ámundakinn ehf. | 16,45% | 26.000 |
| Ásgarður hf. | 13,10% | 15.000 |
| Dalagisting ehf. | 12,11% | 8.000 |
| Fasteignafélagið Borg ehf. | 29,77% | 18.825 |
| Fasteignafélagið Hvammur ehf. | 24,85% | 16.926 |
| Fasteignafélagið Kirkjuból ehf. | 30,35% | 7.124 |
| Grand hótel Mývatn ehf. | 7,22% | 10.000 |
| Hesthólar ehf. | 70,99% | 14.672 |
| Hótel Hellissandur hf. | 25,49% | 19.534 |
| Hótel Norðurljós ehf. | 46,40% | 2.320 |
| Hæðin á Höfðabraut ehf. | 12,28% | 2.000 |
| Tröllasteinn ehf. | 18,92% | 7.000 |
| Urtusteinn ehf. | 8,45% | 32.818 |
| **Fasteignarekstur samtals** | | 180.219 |

| **Ferðaþjónusta** | | |
|---|---|---|
| Hótel Flúðir hf. | 11,94% | 3.109 |
| Hótel Húsavík ehf. | 0,38% | 136 |
| Hótel Varmahlíð hf. | 13,04% | 3.000 |
| Hvalamiðstöðin Húsavík ehf. | 19,70% | 2.000 |
| Nes-Listamiðstöð ehf. | 35,71% | 5.000 |
| P/F Smyril-line | 1,67% | 1.868 |
| Snorri Þorfinnsson ehf. | 19,90% | 12.000 |
| **Ferðaþjónusta samtals** | | 25.245 |

| **Fjárfestingarfélög** | | |
|---|---|---|
| Dýralíf ehf. | 31,70% | 4.000 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. | 40,00% | 109.142 |
| Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf | 19,03% | 96.840 |
| Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf. | 39,10% | 7.850 |
| Fjárfestingafélagið Vör hf. | 41,95% | 35.940 |
| Hvetjandi ehf. | 41,04% | 88.769 |
| Saga Eignarhaldsfélag hf. | 0,37% | 18 |
| Tvídrangi ehf. | 15,27% | 4.991 |
| **Fjárfestingarfélög samtals** | | 347.550 |

*framhald*

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| Iðnaður | Eignarhluti | Nafnverð |
|---|---|---|
| Borg, saumastofa ehf. | 19,82% | 170 |
| Fánasmiðjan ehf. | 9,95% | 4.167 |
| Fjallalamb hf. | 10,68% | 10.000 |
| Molta ehf. | 30,00% | 50.000 |
| Raflagnir Austurlands ehf. | 22,37% | 3.600 |
| Trico ehf. | 33,33% | 5.000 |
| Ullarvinnsla Frú Láru ehf. | 29,76% | 2.500 |
| Vilko ehf. | 29,13% | 21.555 |
| Þörungaverksmiðjan hf. | 27,67% | 7.919 |
| **Iðnaður samtals** | | 104.911 |
| **Landbúnaður** | | |
| Eðalís ehf. | 11,06% | 3.000 |
| Yrkjar ehf. | 7,29% | 1.800 |
| **Landbúnaður samtals** | | 4.800 |
| **Rekstrarráðgjöf** | | |
| Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. | 22,10% | 1.933 |
| **Rekstrarráðgjöf samtals** | | 1.933 |
| **Sjávarútvegur** | | |
| Bernskan ehf. | 34,53% | 22.444 |
| Eignarhaldsfélagið Gláma hf. | 30,01% | 94.400 |
| Fiskvinnslan Drangur ehf. | 8,17% | 2.000 |
| Fiskvinnslan Íslandssaga hf. | 32,31% | 39.866 |
| Tó hf. | 10,40% | 2.667 |
| Þórsberg ehf. | 22,73% | 30.174 |
| **Sjávarútvegur samtals** | | 191.551 |
| **Verslun og þjónusta** | | |
| Samkaup hf. | 2,77% | 10.801 |
| **Verslun og þjónusta samtals** | | 10.801 |
| **Hlutafjáreign samtals** | | 867.010 |

Hlutabréf eru bókfærð í árshlutauppgjöri á 910.838 þúsund krónur.

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Innréttingar | Bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1/1 ................ | 70.388 | 3.219 | 23.968 | 97.575 |
| Afskrifað alls 1/1 ........... | (28.533) | (2.253) | (9.971) | (40.757) |
| Viðbót á tímabilinu ......... | 0 | 0 | 6.480 | 6.480 |
| Afskrifað á tímabilinu ..... | (974) | (322) | (2.242) | (3.537) |
| Selt á árinu ................... | 0 | 0 | (2.505) | (2.505) |
| Söluhagnaður ................ | 0 | 0 | 420 | 420 |
| Bókfært verð 30/06 ........ | 40.882 | 644 | 16.150 | 57.676 |
| Stofnverð alls 30/06 ....... | 70.388 | 3.219 | 27.942 | 101.549 |
| Afskrifað alls 30/06 ........ | (29.507) | (2.575) | (11.792) | (43.874) |
| Bókfært verð 30/06 ........ | 40.882 | 644 | 16.150 | 57.676 |
| Afskriftarhlutföll .............. | 2-3% | 20% | 20% | |

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki .......... | 30.030 | 99.068 | 28.855 |
| Háahlíð 4, Sauðárkróki ................................ | 30.950 | 57.050 | 12.027 |
| | 60.980 | 156.118 | 40.882 |

## 15. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

| Erlent: | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum ..................................................... | 5.186.944 | 6.173.088 |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum .................................................. | 6.223.519 | 6.866.776 |
| Nettó staða erlendra eigna og skulda ....................................... | (1.036.575) | (693.688) |

| Verðtryggt: | | |
|---|---|---|
| Verðtryggðar eignir ...................................................................... | 4.455.979 | 4.219.886 |
| Verðtryggðar skuldir .................................................................... | 5.740.016 | 5.591.645 |
| Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda .................................. | (1.284.037) | (1.371.759) |

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | USD | DKK | JPY | EUR | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Útlán .......................... | 778.406 | 0 | 1.616.105 | 2.648.008 | 5.042.519 |
| Handbært fé .............. | 17 | 1.397 | 13.593 | 129.418 | 144.425 |
| Eignir samtals ............ | 778.423 | 1.397 | 1.629.698 | 2.777.426 | 5.186.944 |
| Lántökur .................... | 812.658 | 0 | 1.943.199 | 3.467.662 | 6.223.519 |
| Nettó staða ................ | (34.234) | 1.397 | (313.501) | (690.236) | (1.036.575) |

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

## 16. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Gjaldkræft .................................................................................... | 0 | 0 |
| Allt að 3 mánuðum .................................................................... | 147.919 | 151.903 |
| Yfir 3 mán. og allt að 1 ári ......................................................... | 5.628.240 | 1.021.267 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum .......................................................... | 3.530.638 | 8.356.500 |
| Yfir 5 ár ...................................................................................... | 2.655.393 | 2.928.751 |
| | 11.962.190 | 12.458.421 |

## 17. Eigið fé

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárhlutfall lánastofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni, en í lok tímabilsins var eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 16,36%.

Eigið fé og eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Eiginfjárþáttur A .......................................................................... | 2.377.746 | 2.302.439 |
| Samtals ...................................................................................... | 2.377.746 | 2.302.439 |
| Útlánaáhætta ................................................................................ | 11.779.038 | 11.978.088 |
| Markaðsáhætta ........................................................................... | 1.037.650 | 695.125 |
| Rekstraráhætta ........................................................................... | 1.714.525 | 1.714.525 |
| Áhættugrunnur ............................................................................ | 14.531.213 | 14.387.738 |

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | | |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 2.302.439 | 2.113.522 |
| Hagnaður tímabilsins | 75.307 | 188.917 |
| | 2.377.746 | 2.302.439 |
| Eiginfjárhlutfall | 16,36% | 16,00% |

## 18. Veittar ábyrgðir

Byggðastofnun hefur gengist í ábyrgðir að fjárhæð 21.431 þúsund króna. Í lok tímabilsins var metin áhætta á því að ábyrgðir falli á stofnunina. Ábyrgðir að fjárhæð 1.072 þúsund króna, sem líklegar eru til að falla á stofnunina hafa verið skuldfærðar í árshlutauppgjöri. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema því um 20.360 þúsundum króna í lok tímabilsins.

## 19. Önnur mál

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lögmæti þess að skuldbreyta verðtryggðum lánum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum með útgáfu viðauka. Dómur féll þar 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lögmæti svo skuldbreyttra lána Byggðastofnunar og hefur dómnum verið áfrýjað og er von á niðurstöðu Hæstaréttar á síðari hluta ársins 2014. Veðandlag hins umdeilda láns var selt á nauðungarsölu í apríl 2014 og hefur stofnunin fengið kröfu sína greidda að fullu. Uppreiknuð lán stefnanda námu 213 milljónum króna en verði fallist á kröfur hans munu þau lækka um allt að 50% Samsvarandi útlán hjá stofnuninni nema að kröfuvirði 512,4 milljónum króna. Ekki hefur verið fært sérstakt varúðarframlag á afskriftarreikning vegna þessa. Að mati lögmanns Byggðastofnunar benda dómar Hæstaréttar, sem fallið hafa í sambærilegum málum (sbr. t.d. Hrd. 498/2013), eindregið til þess að Byggðastofnun muni verða sýknuð.